

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-103/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna þess að hann var krafinn hinn 31. júlí sl. um kr. 10.000 fyrir tjaldstæði í Vestmannaeyjum. Kveðst hann hafa gert ráð fyrir að þurfa ekki að greiða nema kr. 2.700. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að félagið Y, sem mun hafa rekið tjaldstæðið á meðan þjóðhátíð stóð, endurgreiði honum kr. 7.300.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. ágúst, gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 30. ágúst. Af hálfu félagsins var óskað eftir því að fresturinn yrði framlengdur þar sem félagið hefði í hyggju að leita til lögfræðings til að rita andsvör við álitsbeiðninni. Var frestur veittur til þess. Lögmaðurinn bað um aukinn frest en skilaði síðan andsvörum 29. september. Með bréfi, dags. 5. október, gaf kæruneftndin álitsbeiðanda kost á því að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 14. október. Athugasemdir álitsbeiðanda bárust 13. október. Með bréfi, dags. 22. október sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Á neðangreindum heimasíðum er að finna auglýst verð á tjaldsvæði í Vestmannaeyjum. Ég skoðaði þessar upplýsingar áður en ég ákvað að fara á Þjóðhátíð þann 31.07.2010. Ég var einn með fellihýsi og gerði því ráð fyrir því að þurfa að borga 3\*900 kr. fyrir gistingu á tjaldsvæðinu. (<http://vestmannaeyjar.is/>) Þegar til Eyja var komið og vagninn tjaldaður komu starfsmenn svæðisins til að rukka. Þeir kröfðust þess að fá greiddar 10.000 krónur yfir hátíðina óháð gestafjölda. Þeir tóku engum rökum um að auglýst væri annað verð. Þeir sögðu að annað hvort yrði borgað eða ég skyldi hafa mig á brott. Það gat ég hins vegar ekki vegna þess að bannað var að vera með fellihýsi inn í Herjólfsdal og ég var kominn til Vestmannaeyja með allt mitt og átti ekki far aftur til Landeyjahafnar fyrr en eftir nokkra daga. Ég var því tilneyddur til að greiða uppsett verð. Þetta eru óeðlilegir viðskiptahættir, að mínu mati, og vil ég því fá leiðréttingu á auglýstu verði og því sem ég var tilneyddur til að greiða. Forsvarsmenn tjaldsvæðisins vissu að verðskrá tjaldsvæðisins væri auglýst á umræddum síðum og máttu vita að ferðalangar myndu leita þangað og kynna sér ferðakostnað áður en lagt væri af stað. Þeir bera því ábyrgð á þessu missamræmi.“

### IV

## Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

„Y sem er rekstraraðili tjaldstæðisins hefur hafnað kröfu X. Ástæður þess eru eftirfarandi.

Gjald það sem X var krafinn um var auglýst bæði á áberandi skilti við tjaldstæðið sem og í sérstökum bæklingi sem Þjóðhátíðarnefnd gaf út og dreift var til allra sem lögðu leið sína til Vestmannaeyja á Þjóðhátíð, m.a. í Herjólfví. Það hefði því ekki átt að geta farið framhjá X hvert gjaldið var.

Það er alþekkt að gjald fyrir tjaldstæði í Vestmannaeyjum er hærra á Þjóðhátíð en ella sem helgast m.a. af því að þá er veitt meiri þjónusta s.s. sólarhringsvakt á svæðinu auk þess sem kostnaður rekstraraðila er töluvert meiri vegna verri umgengni o.fl. Þá er það alþekkt að á vörur og þjónustu sé lagt „stórhátíðarálag“ á ákveðnum dögum eða tímabilum. Á þetta til dæmis við um sölu veitinga á Þjóðhátíðardaginn 17. júní, víða um land, í kringum jól og páska o.s.frv. Slíkt álag hefur tíðkast á vörum og þjónustu í Vestmannaeyjum á Þjóðhátíð um árabil og er alþekkt.

Þær heimasíður sem X vísar til í kvörtun sinni eru ekki á forræði félagsins Y og því getur félagið ekki borið ábyrgð á röngum eða misvísandi upplýsingum sem þar birtast. Því er mótmælt að það sé skylda félagsins að leita uppi alla aðila sem kunna að veita upplýsingar um tjaldstæðið og leiðrétt þær villur sem þar kunna að leynast. Því þykir rétt að vekja athygli á því að heimasíðan tjalda.is var síðast uppfærð 24. júlí 2009. Því átti X að vera ljóst að þær upplýsingar sem þar birtast kynnu að vera rangar. Hafði hann því sérstaka ástæðu til að leita sér upplýsinga milliliðalaust hjá rekstraraðila um gjaldtöku á tjaldsvæðinu á umræddu tímabili.“

## V

### Úr gögnum málsins

Kærunefndin fékk tölvupóst frá A, sjálfboðaliða félagsins Y, 5. október sl. og segir þar m.a.:

„Yfir verslunarmannahelgi hafði ÍBV fengið aðgang að Herjólfssdal til þess að hafa þar Þjóðhátíð. Því buðu Y upp á tjaldstæði við D og E fyrir gesti Þjóðhátíðar með aukinni þjónustu heldur en vanalega. Þessi aukna þjónusta var m.a. aðgangur að þjónustuhúsi í E þar sem boðið var upp á kaffi innifalið í gjaldið, aðgangur að þvottavél og þurrkara ásamt þvottaefni sem innifalið var, aðgangur að útigrilli og áhöldum og aukið framboð af salernum og sólarhringsgæslu auk tveggja aðgangsmiða í nýjan sundlaugargarð Vestmannaeyjabæjar. Fyrir þessa þjónustu var ákveðið að bjóða upp á fast gjald fyrir gesti sem vildu vera á þessum tjaldstæðum dagana 28. júlí – 4. ágúst 2010, annars vegar fast gjald fyrir hvert tjald sem tjaldað var og hins vegar fyrir hvert fellihýsi/tjaldvagn/húsbíl sem var á svæðinu.

Gestum sem ekki vildu vera við E eða D og greiða auglýst verð var boðið upp á að nýta sér tjaldstæði sem skátar buðu upp á suður á Eyju í svokölluðu ..... fyrir 900 á mann per nótt og var þá miðað við lágmarksþjónustu.

Þess skal getið að enn eru tjaldstæðin í Eyjum ekki með eigin vefsíðu og bera ekki ábyrgð á vefsíðum annarra aðila.

Allur ágóði af rekstri tjaldstæðanna rennur til reksturs félagsins Y í Vestmannaeyjum.“

Tölvupóstinum fylgdi mynd af skilti með verðskrá sem sögð er hafa verið hengd upp við inngang og við þjónustuhús á tjaldsvæði við E dagana 28. júlí – 4. ágúst 2010.

Þar stendur: Tjaldstæði E. Verð: per tjald: 7.000 kr per húsbíll, fellihýsi eða hjólhýsi: 10.000 Gildir til 4. ágúst 2010.

## VI

### Athugasemdir álitseiddanda

Í athugasemdum álitseiddanda kemur m.a. fram að hann telur litlu máli skipta að verðskrá fyrir tjaldsvæðið hafi verið auglýst við hliðið inn á það. Hann hafi tekið ákvörðun um að fara í ferðina á grundvelli kostnaðar áður en hann hafi lagt af stað og hefði líklega aldrei farið hefði hann vitað að greiða þyrfti kr. 10.000 fyrir stæðið. Álitseiddandi kveðst hafa lagt sitt af mörkum til að afla sér rétttra upplýsinga vegna ferðarinnar og skoðað upplýsingasíðu Þjóðhátíðarinnar þar sem komið hafi fram að bannað væri að vera með vagna og farartæki inni í dalnum og því hafi hann athugað um hvaða tjaldstæði væri að ræða og hvað kostaði að tjalda þar. Hann hafi fundið verðskrá á tveimur síðum, þ.e. síðunni „tjalda.is“ og síðunni „vestmannaeyjar.is“ en á síðari síðunni hafi verið gefið upp herra verð en á þeirri fyrri. Það verð hafi hann tekið trúanlegt. Á þessum forsendum kveðst álitseiddandi hafna þeim fullyrðingum að honum hafi átt að vera ljóst hvað kostaði að tjalda fellihýsi við E. Álitseiddandi kveðst engar upplýsingar hafa fengið við dyr Herjólfis og þótt svo hefði verið hefði það komið jafn illa niður á sér enda þá búinn að kaupa miða á Þjóðhátíðina og far fram og til baka. Þótt rétt verð hefði verið kynnt á þessum tíma hefði það því verið of seint. Álitseiddandi segir að sér hafi verið nauðugur einn kostur að tjalda á tjaldsvæðinu við Þórsheimilið en eina tjaldstæðið þar fyrir utan hafi verið í Dalnum en þangað hafi ekki hafi mátt aka. Óheiðarlegt og blekkjandi sé gagnvart neytendum að láta upplýsingar um verð á tjaldstæðum standa óbreyttar á vefsíðu Vestmannaeyjabæjar. Þá hafi starfsmaður félagsins Y fallist á kröfu sína um endurgreiðslu en ekki staðið við hana.

## VII

### Niðurstæða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í framangreindum lögum er kveðið á um breytingar á lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Segir í breytingalögum að greini aðila á um réttindi sín og skyldur samkvæmt þeim geti þeir einn eða fleiri snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsegerð neftdarinnar um ágreiningseftnið.

Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um verð á þjónustu, þ.e. leigu fyrir afnot af tjaldstæði. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 er kveðið á um það til hvefttar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hveft kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er ljóst að viðskipti aðila falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að um sé að ræða kaup sem falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að það er utan valdsviðs kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa að gefa álit sitt á ágreiningi aðila og henni það því óheimilt. Af þessum sökum er nefndinni annað óhjálkvæmilegt en að vísa beiðni álitsbeiðanda frá sér.

## VIII

### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir